

GUÐNÝ BJÖRK ÞORVALDSDÓTTIR  
OG RANNEIG SVERRISDÓTTIR

## Breytileiki í framburði í íslensku táknmáli

### Tilbrigði í handformum

#### Inngangur

Táknmál eru sjónræn mál sem miðlað er með höndum og líkama og numin með sjón, ólíkt raddmálum sem (þegar þau eru töluð, ekki rituð) er miðlað með hljóðum og numin með heyrn. Þrátt fyrir þennan mun á miðlunarhætti eiga raddmál og táknmál margt sammerkt, eins og reikna má með þegar mannglegt mál á í hlut, til dæmis það að merkingarlausar einingar myndi merkingarbærar einingar, að sköpunarmátturinn sé nær endalaus og að máltaka fari fram án eiginlegrar kennslu ef ílag er til staðar. Rannsóknir á táknmálum ná yfir breitt svið málvísinda og er uppbyggingu þeirra lýst á sama hátt og uppbyggingu raddmála.<sup>1</sup> Innan táknmálsfræða er hefð fyrir því að nota sömu hugtök og tíðkast í málfræði raddmála, jafnvel þótt þau vísi til hljóða eða hljóðkerfis og verður þeirri hefð fylgt hér.

Í þessari grein verður fjallað um breytileika í myndun handforma í íslensku táknmáli (ÍTM) en þar er munur á táknmálum og raddmálum greinilegur. Þar sem ÍTM er sjónrænt mál eru tákni mynduð með höndum og í þrívíðu rými sem eðli málsins samkvæmt kallar á umfjöllun um aðra hluti en ef verið væri að rannsaka framburð í íslensku. Þar sem fræðasviðið er lítt þekkt hér á landi verður hér í upphafi farið yfir það hvað framburðarmunur í táknmálum felur í

<sup>1</sup> Sjá til dæmis Elísa G. Brynjólfsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Ranneig Sverrisdóttir, „Málfræði íslenska táknmálsins“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 34/2012, bls. 9–52 og Jóhannes Gísli Jónsson, „Táknmál og raddmál. Tver greinar af sama meidi“, *Ritid* 3/2022, bls. 47–75.



sér og krefst það nokkuð nákvæmrar umfjöllunar. Þá verður greint frá rannsókn á breytileika í framburði handforma í bendingum með tilliti til innri uppbyggingar handforma og rýnt í mögulegar ástæður tilbrigða. Niðurstaða okkar er sú að framburðartilbrigði koma fram í bendingum í ÍTM og oftar í þeim sem gegna hlutverki 1.p.fn.et.<sup>2</sup>

### *Grunnbreytur táknmála*

Tákn eru samsett úr fimm grunnbreytum og hefur hver þeirra ákveðinn fjöldi gilda. Breyturnar eru: handform (e. *handshape*) vísar í form handa, sem markast af stöðu fingra og þumals; hreyfing (e. *movement*) á bæði við um hreyfingu handa/r frá einum myndunarstað til annars, hreyfingu á braut (e. *path movement*) og innri hreyfingu (e. *internal movement*), til dæmis snúning á úlnlið eða hreyfingu fingra og/eða þumals í tákni; myndunarstaður (e. *location*) segir til um staðsetningu táknsins í rýminu eða á tákna; afstaða (e. *orientation*) á við um afstöðu handar, til dæmis hvort lófi vísi að eða frá tákna, eða hvaða hluti handarinnar snertir eða snýr að myndunarstað. Fimmta grunnbreyta tákna eru látbrigði (e. *non-manuals*), það er hreyfingar höfuðs og líkama, munnhreyfingar og hreyfingar augna og augabrúna.<sup>3</sup> Grunnbreytur tákna, líkt og fónem í raddmálum, samsvara minnstu merkingargreinandi einingum í viðkomandi máli. Dæmi um það væru táknin MAMMA<sup>4</sup> og AMMA þar sem handformið er merkingargreinandi eða MAMMA og RAUÐUR þar sem myndunarstaður er merkingargreinandi, sjá mynd 1. Þetta eru lágmarkspör á sama hátt og orðin *hús* og *mús* eða *hús* og *hás* í íslensku.

<sup>2</sup> Höfundar vilja þakka tveimur nafnlausum ritrýnum sem og ritstjórum fyrir gagnlegar athugasemdir.

<sup>3</sup> Els van der Kooij og Onno Crasborn, „Phonology“, *The Linguistics of Sign Languages*, ritstjórar Anne Baker, Beppie van den Bogaerde, Roland Pfau og Trude Schermer, Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2016, bls. 251–278; Josep Quer o.fl., ritstjórar, „Part 2. Phonology“, *SignGram Blueprint. A Guide to Sign Language Grammar Writing*, Berlin, Boston: De Gruyter Mouton, 2017, bls. 21–36.

<sup>4</sup> Þar sem táknmál hafa ekkert ritmál er hefð er fyrir því innan fræðanna að glósa tákni með hástöfum á ritmáli nágrannaraddmáls.

Mynd 1 sýnir lágmarkspör í ÍTM.<sup>5</sup>

Í þessari grein munum við fjalla sérstaklega um handformabreytuna en tilbrigði í handformum hafa verið skoðuð í erlendum táknmálum og vildum við kanna hvort slík tilbrigði fyndust einnig í óskyldu táknmáli, það er ÍTM. Við upphaf rannsókna á táknmálum var litið á handform sem heildstæða einingu og þeim gefin nöfn eins og V-hönd (✋)<sup>6</sup>, L-hönd (✌) og svo framvegis.<sup>7</sup> Síðar var farið að líta svo á að handform hefðu innri uppbyggingu (e. *internal structure*) sem hægt væri að brjóta niður í smærri þætti (e. *features*), það er valda fingur (e. *selected fingers*) og fingrastöðu (e. *finger configuration*).<sup>8</sup> Valdir fingur vísar til þess hvaða fingur og hversu margir eru áberandi eða greinilegir (e. *salient*) í handformi. Einn eða fleiri af fjórum fingrum (þumall telst sér, sjá síðar) geta verið valdir og greinilegir í handformi og aðrir fingur þar af leiðandi ekki valdir, það er eru óvaldir (e. *unselected fingers*), og því í bakgrunni. Valdir fingur eru allir í sömu stöðu, sem skilgreind er nánar með fingrastöðunni, til dæmis allir útteygðir (e. *extended*) eða allir með beygju á liðamótum. Óvaldir fingur geta aðeins verið allir útteygðir eða allir krepptir inn í lófa. Tafla 1 sýnir mismunandi fjölda valinna fingra.<sup>9</sup>




<sup>5</sup> Táknari á mynd 1 er Svava Jóhannesdóttir. Myndirnar eru teknar og unnar af Guðna Rósmundssyni. Bæði starfa þau á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

<sup>6</sup> Leturgerð handforma er unnin af CSLDS, CUHK, sótt 9. janúar 2026 af <https://www.cslds.org/v4/resources.php?id=1>.


<sup>7</sup> William C. Stokoe, „Sign Language Structure. An Outline of the Visual Communication System of the American Deaf“, *Studies in Linguistics, Occasional Papers, Volume 8*, Buffalo, New York: University of Buffalo Press, 1960. [Endurúttegfið í *Journal of Deaf Studies and Deaf Education* 10: 1/2005, bls. 3–37, hér bls. 16–20, doi:10.1093/deafed/en001.]

<sup>8</sup> Mark Mandel, *Phonotactics and Morphophonology in American Sign Language*, Ph.D. Dissertation, University of California, 1981, bls. 81–82.

<sup>9</sup> Myndir af handformum eru teknar og unnar af Guðna Rósmundssyni en hendurnar á Viktorija Dovydaíté. Bæði starfa þau á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-

Fjórir valdir finger	Einn valinn finger	Tveir valdir finger
 <p style="text-align: center;">a.                      b.</p>	 <p style="text-align: center;">a.                      b.</p>	 <p style="text-align: center;">a.                      b.</p>
<p>Fjórir (allir) valdir finger: vísifinger, langatöng, baug- finger og litli finger. Þumall er talinn sér og getur haft mismunandi stöðu (sjá töflu 2).</p>	<p>Einn valinn finger: vísifinger. Valinn finger útteygður og óvaldir finger (langatöng, baugfinger og litli finger) krepptir inn í lófa (a). Valinn finger snertir þumal og óvaldir finger (langatöng, baugfinger og litli finger) útteygðir (b).</p>	<p>Tveir valdir finger: Vísifinger og langatöng út- teygðir (a). Vísifinger og litli finger út- teygðir (b). a. og b.: Óvaldir finger krepptir inn í lófa.</p>





Tafla 1: Mismunandi fjöldi valinna fingra í ýmsum handformum.

Hafa skal í huga að þegar talað er um valda finger er aðeins átt við vísifinger, löngutöng, baugfinger og litla finger. Þumallinn getur verið valinn í handformi, til dæmis í handforminu , en er talinn sér og hefur sína eigin stöðu innan handformsins.<sup>10</sup> Van der Kooij<sup>11</sup> skilgreinir fjórar fónetískar stöður þumals í handformum hollenska tákn málsins (NGT) sem við sjáum í töflu 2.

skertra. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

<sup>10</sup> Wendy Sandler og Diane Lillo-Martin, *Sign Language and Linguistic Universals*, New York: Cambridge University Press, 2006, bls. 140.




<sup>11</sup> Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, Utrecht: LOT Ph.D. Dissertation, 2002, bls. 75.

Hliðstæður	Útteygður	Lokaður	Mótstæður
			
		a. b.	a. b.
Þumall upp að hlið vísifingurs (e. <i>adducted</i> ).	Þumall út frá sveifarhlið handar (e. <i>extended</i> ).	Þumall lokaður (e. <i>crossed</i> ), það er heldur óvöldum fingrum (a) eða liggur inn í lófanum (b).	Þumall mótstæður, það er á móti völdum fingrum (e. <i>opposed</i> ).

Tafla 2: Fjórar fónetískar stöður þumals í handformum.




Fingrastaða lýsir stöðu valinna fingra, a) hvort og þá hvernig finger beygjast á mismunandi liðamótum (e. *flexion*), b) hvort það sé bil á milli fingra (fingrabil) (e. *spreading*) eða finger samdregnir (e. *unspread*) og c) opnun við þumal (e. *aperture*), það er hvort valdir finger snerta þumal eða ekki<sup>12</sup> (sjá töflu 3). Ef engin beygja er á liðamótum er talað um útteygða finger.

### A) Beygja á mismunandi liðamótum



		
Grunnliðir (e. <i>metacarpophalangeal joints</i> ) eru beygðir: Finger flatir (e. <i>fingers bent</i> ).	Fjarliðir (e. <i>proximal interphalangeal joints</i> , <i>distal interphalangeal joints</i> ) eru beygðir: Finger mynda kló (e. <i>fingers clawed</i> ).	Allir liðir eru beygðir: Finger sveigðir (e. <i>fingers curved</i> ).

<sup>12</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, Utrecht: LOT Dissertation Series 48, 2001, bls. 133; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 59.

**B) Fingrabil**


		
Péttir/samdregnir fingur (e. <i>unspread/adducted</i> ): Ekkert bil á milli fingra.	Dreifðir fingur (e. <i>spread/abducted</i> ): Bil á milli fingra.	Krosslagðir fingur: Fingur í kross (e. <i>crossed</i> ).

**C) Opnun**

	
Valdir fingur snerta ekki þumal: Opið handform.	Valdir fingur snerta þumal: Lokað handform.

Tafla 3: Fingrastaða valinna fingra.

Til þess að lýsa betur fónetískri uppbyggingu handforma er nauðsynlegt að skipta þeim upp í þessa þætti því stundum er aðeins einn þessara þátta sem greinir á milli handforma. Í rannsókninni sem hér er lýst er dæmi um slíkt, tvö tilbrigði vísi-handforms sem komu fyrir í persónufornöfnum, bæði með þumalinn lokaðan yfir óvalda fingur en vísfingurinn (það er valinn fingur) er annars vegar útteygður og hins vegar með beygju á grunnlið, sjá mynd 2.



Mynd 2: Tvö tilbrigði vísi-handforms í persónufornöfnum.

Áður en lengra er haldið er rétt að fjalla um grunnbreytuna *afstöðu* þar sem breyturnar handform og afstaða eru nátengdar, lögun handar (*e. hand configuration*) felur í sér bæði handformið og afstöðu handar.<sup>13</sup> Í upphafi táknmálsrannsókna var talað um afstöðu einungis út frá því hvert fingurgómar og lófi handar vísa í rýminu og er það kallað *algild afstaða* (*e. absolute orientation*).<sup>14</sup> Síðar var farið að skilgreina afstöðu út frá því hvaða hluti handarinnar vísar í átt að, eða snertir myndunarstað tákns, og kallast það *tilvísandi afstaða* (*e. relative orientation*).<sup>15</sup> Í táknum eins og bendingum (til dæmis persónuformnum) og áttbeygðum sögnum þar sem afstaða er háð staðsetningu þess sem vísað er til (það er persónur og hlutir fá staðsetningu í rýminu ef þau eru ekki til staðar og bæði sögn og bending beygjast í samræmi við það) gerist það að algild afstaða handarinnar breytist (það er höndin snýst í rýminu til þess að sýna samræmi við frumlag og andlag) en tilvísandi afstaða er sú sama, það er sá hluti handarinnar sem snýr að því sem vísað er til er sá sami. Þetta má sjá í tákni STRÍÐA á mynd 3 þar sem fingurgómar vísa alltaf í átt að andlagi sagnarinnar og hefur það í för með sér beygju á grunnlið í handforminu þegar andlagið er fyrsta persóna. Slík tilbrigið geta einnig komið fram milli tákna í grunnmynd og eins þegar þau eru táknuð innan setningar.<sup>16</sup> Samkvæmt Crasborn<sup>17</sup> kemur beygja á grunnlið vegna tilhneigingar til þess að draga úr áreynslu við myndun tákns og er það gert með því að beygja þá liði sem eru fjær líkamanum (*e. distalizing the articulation*). Ef halda á grunnliðum beinum í táknum eins og ÉG krefst það meiri áreynslu því þá þarf að beygja liði við úlnlið og olnboga. Að beygja grunnlið á fingri er því skilvirk leið til þess að auðvelda myndun tákna því það dregur úr beygju á úlnlið. Beygja á grunnliðum er í þessum tilfellum fyrirsjáanleg.

<sup>13</sup> Sjá til dæmis Wendy Sandler, „*Phonological Representation of the Sign. Linearity and Nonlinearity in American Sign Language*“, Dordrecht: Foris, 1989, bls. 91.

<sup>14</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 99; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 211–212.

<sup>15</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 101–115; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 211–215.

<sup>16</sup> Sbr. Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 143; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 116–119.

<sup>17</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 152.



Mynd 3<sup>18</sup>: ÍTM táknið STRÍÐA í mismunandi samhengi. Fingurgómar vísa alltaf að andlagi sagnarinnar sem hefur í för með sér beygju á grunnliðum handarinnar þegar andlagið er táknaði sjálfur.

### *Bendingar í orðasafninu*

Hér að framan var rætt um grunnbreytur tákna og hvernig skipta má handformum niður í smærri þætti, líkt og hljóðum raddmála. Í rannsókninni sem hér er rædd er fjallað um handform í bendingum. Bendingar eru mjög algengar í tákna málsorðræðu og hefur tíðni þeirra verið mæld til dæmis í bandaríska tákna málinu (ASL) og ástralska tákna málinu (Auslan).<sup>19</sup> Bendingar teljast ekki til hefðbundinna tákna (e. *conventional lexical signs*) úr grunnorðasafni vegna þess að þær hafa ekki merkingu einar og sér heldur er merkingin háð samhengi. Þær tilheyra því þeim flokki tákna sem nefndur er „táknræn tilvísandi tákna“ (e. *symbolic indexical signs*) og vísar sú flokkun í það að merkingin, sem ræðst af samhengi, hefur áhrif á form þeirra.<sup>20</sup> Bending í sinni einföldustu mynd samanstendur af útteygðum vísifingri (☞) sem vísað er að því sem er til umræðu hverju sinni (e. *referent*). Þetta getur átt við um til dæmis persónur og hluti (hvort sem þau eru á staðnum eða ekki), huglæga hluti, staði og fleira. Bendingar í tákna máli gegna mörgum málfræðilegum hlutverkum, þær geta til dæmis verið persónu- eða ábendingarfor-

<sup>18</sup> Fyrri myndin er tekin af Guðna Rósmundssyni, tákna ri er Svava Jóhannesdóttir, bæði eru starfsmenn á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra. Síðari myndin er úr sögunni „Rúm – saga“, sótt 2. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/R%C3%BAm\\_-\\_saga](https://is.signwiki.org/index.php/R%C3%BAm_-_saga).

<sup>19</sup> Trevor Johnston, „Lexical Frequency in Sign Languages“, *Journal of Deaf Studies & Deaf Education*, 17/2012, bls. 163–193, sótt 9. janúar 2026 af <https://doi.org/10.1093/deaf/enr036>; Jill P. Morford og James MacFarlane, „Frequency Characteristics of American Sign Language“, *Sign Language Studies*, 3: 2/2003, bls. 213–225.

<sup>20</sup> Trevor Johnston, „Auslan Corpus Annotation Guidelines. 2024 version“, Sidney; Macquarie University, 2024, bls. 19 og 27, sótt 29. september 2025 af [https://media.auslan.org.au/django-summernote/2024-07-01/AuslanCorpusAnnotationGuidelines\\_Uploaded\\_2024\\_07\\_01.pdf](https://media.auslan.org.au/django-summernote/2024-07-01/AuslanCorpusAnnotationGuidelines_Uploaded_2024_07_01.pdf).

nöfn, ákvarðarar (e. *determiner*) og staðaratviksorð. Í öllum tilvikum er grunnform táknsins (bendingarinnar) það sama á höndum (það er útteygður vísifingur) en skoða þarf samhengið og stöðu táknsins í setningu sem og látbrigði til að greina hlutverk þess en ávallt er um tilvísun að ræða, endur- eða bendivísun.<sup>21</sup> Mynd 4 sýnir bendingar úr gögnunum með ólík málfræðileg hlutverk.

		
Staðaratviksorð	Fyrstu persónufornafn	Ekki-fyrstu persónufornafn

Mynd 4<sup>22</sup>: Mismunandi tegundir bendinga í ÍTM.

Í langflestum táknmálum sem rannsökuð hafa verið eru persónufornöfn bendingar sem vísa á ákveðinn stað í táknrýminu.<sup>23</sup> Persónufornöfn í táknmálum hafa alla jafna þrjár tölur (eintölu, tvítölu og fleirtölu) en hvorki málfræðilegt kyn né föll. Mikið hefur verið rætt hvort persónurnar séu tvær eða þrjár og hugsanlega er munur á milli tákn mála hvað þetta varðar. Þeir sem telja persónurnar tvær greina á milli fyrstu persónu og ekki-fyrstu persónu, sem sagt gera ekki greinarmun á ann-  
arri og þriðju persónu.<sup>24</sup> Þeirri skiptingu er fylgt í rannsókninni sem hér er rædd.<sup>25</sup>

<sup>21</sup> Josep Quer o.fl., ritstjórar, „Part 3. Lexicon“, *SignGram Blueprint. A Guide to Sign Language Grammar Writing*, Berlin, Boston; De Gruyter Mouton, 2017, bls. 73–162, hér bls. 85.

<sup>22</sup> Fyrsta myndin er úr sögunni „Lykillinn að menningarheimi dóff 2012“, sótt 3. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn\\_a%C3%B0\\_menningarheimi\\_d%C3%B6ff\\_2012](https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn_a%C3%B0_menningarheimi_d%C3%B6ff_2012), önnur myndin er úr sögunni „Gömul kona“ 2015, sótt 3. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/G%C3%B6mul\\_kona](https://is.signwiki.org/index.php/G%C3%B6mul_kona) og þriðja myndin er úr óbirtri smásögu frá 2015 „Leikið með eldspýtur“, varðveitt á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

<sup>23</sup> Kearsy Cormier, „Pronouns“, *Sign Language. An International Handbook*, ritstjórar Roland Pfau, Markus Steinbach og Bencie Woll, Berlín: De Gruyter Mouton, 2012, bls. 227–244, hér bls. 228–229.

<sup>24</sup> Sama rit, bls. 228–234.

<sup>25</sup> Þess ber að geta að Kristín Lena Þorvaldsdóttir fjallaði um augnatillit með fornafnvísunum í BA ritgerð sinni árið 2007 og kemst þar að þeirri niðurstöðu að ekki sé munur á fornöfnum 2. og 3. p. í þeim dæmum sem hún skoðaði, styður það ákvörðun að gera aðeins greinarmun á fyrstu og ekki-fyrstu persónu hér, sjá Kristín Lena Þorvaldsdóttir, *Augun mín og augun þín. Augnatillit með fornafnvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu*, Háskóli Íslands, 2007, aðgengileg á <https://skemman.is/handle/1946/6367>.

*Breytileiki í framburði í táknmálum*

Þó nokkrar rannsóknir eru til á tilbrigðum í táknmálum en hér verða aðeins nefndar þær sem skoða framburð eða mun á sviði hljóðkerfisfræði og þá helst er varða handform. Fyrsta birta rannsókn á framburðartilbrigðum í táknmáli er rannsókn Battison o.fl.<sup>26</sup> á stöðu þumals í ASL en hún leiddi í ljós að sex innri höft væru á því að að þumall sé útteygður í handformum (e. *thumb extension*). Áhrif hljóðkerfislegs umhverfis á breytileika voru fyrst staðfest í rannsókn Liddell og Johnson.<sup>27</sup> Þeir sýndu fram á að grunnbreytur tákns, til dæmis handform og myndunarstaður, eru líklegar til að verða fyrir áhrifum frá sömu breytum í táknum á undan eða eftir og þar með kalla fram tilbrigði frá grunnformi táknsins. Þeir segja vísbendingar um að önnur tákni en l.p.fn. séu ólíklegri til þess að samlagast nágrannatáknum. Samlögungun (e. *assimilation*) er hljóðkerfislegt ferli (e. *phonological process*) sem felur í sér breytingu á ákveðnum þáttum fónems svo að það líkist nærliggjandi fónemi í einhverjum þáttum. Samlögungun getur átt sér stað í öllum grunnbreytum tákna og innan handformsins geta þeir þættir handforma sem áður er lýst samlagast sömu þáttum í handformi táknsins á undan (e. *progressive assimilation*) eða á eftir (e. *regressive assimilation*), til dæmis fjöldi valinna fingra.

Á meðal nýrri rannsókna á breytileika í hljóðkerfi ASL er rannsókn Metzger<sup>28</sup> á 2. og 3.p.fn. sem sýndi að handformið í fornafninu (tákninu) er ekki alltaf eins og getur til dæmis verið ☞-handform eða ☞-handform. Þá fjalla rannsóknir á NGT<sup>29</sup> meðal annars um tilbrigði í framburði hvað varðar stöðu þumals, fjölda valinna fingra og stöðu grunnliða. Tilbrigðin koma kerfisbundið fram í hinum ýmsu handformum, svo sem flathönd (☞), hnefa-handformi (☞) og vísi-handformi (☞) án þess að hafa áhrif á merkingu táknsins. Fjórar ólíkar stöður þumals, sem lýst er í kaflanum hér á undan, voru skilgreindar sem tilbrigði þar sem þær voru ekki merkingargreinandi.<sup>30</sup> Einnig fundust tilbrigði í fjölda valinna fingra í sama

<sup>26</sup> Robin Battison, Harry Markowicz og James Woodward, „A Good Rule of Thumb. Variable Phonology in American Sign Language“, *Analyzing variation on language*, ritstjórar Ralph W. Fasold og Roger W. Shuy, Washington D.C.: Georgetown University Press, 1975, bls. 291–302.

<sup>27</sup> Scott K. Liddell og Robert E. Johnson, „American Sign Language. The Phonological Base“, *Sign Language Studies* 64, 1989, bls. 195–277.

<sup>28</sup> Melanie Metzger, „Pronoun Variation in Formal and Informal Discourse“, *Communication Forum*, ritstjóri Elizabeth A. Winston, Washington D.C.: Gallaudet University Department of Linguistics and Interpreting, 1993, bls. 132–143.

<sup>29</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*.

<sup>30</sup> Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands: The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 75.

tákni. Samkvæmt Crasborn og van der Kooij<sup>31</sup> er staða grunnliða (e. *base joints*) ekki merkingargreinandi í NGT og telja þau að aðrir þættir hafi áhrif á stöðu þessara liða í tákni. Þetta byggja þau á því að ekki fundust lágmarkspör sem byggðu eingöngu á stöðu grunnliða heldur voru tengsl á milli stöðu grunnliða og tilvísandi afstöðu handarinnar.

Viðamesta tilbrigðarannsóknin sem framkvæmd hefur verið í táknmálum til þessa var á málfélagslegum tilbrigðum í ASL.<sup>32</sup> Rannsóknin snérist um breytileika út frá málfraeðilegum þáttum eins og hljóðkerfislegu umhverfi og málfraeðilegu hlutverki tákns og út frá félagslegri stöðu þátttakenda, það er aldri, stétt, kynþætti, búsetu og tungumálabakgrunni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að bæði málfraeðilegir þættir og félagslegar breytur höfðu áhrif á hvort handformatilbrigði komu fram í táknum. Í rannsókninni voru valdar breytur sem voru nægilega algengar í gögnunum<sup>33</sup> til að hægt væri að gera tölfræðilega greiningu á þeim. Hér er dæmi um rannsókn sem byggir á stóru gagnasafni og var framkvæmd áður en táknmálsheildir litu dagsins ljós, eða um aldamótin. Á þeim tíma var algengast að táknmálsrannsóknir byggðu á litlum gagnasöfnum, nokkuð sem hefur breyst með tilkomu málheilda fyrir fleiri táknmál. Rannsókn Lucas o.fl. sker sig því úr að þessu leyti.

Lucas o.fl.<sup>34</sup> könnuðu tilbrigði í tveimur breytum tákna, annars vegar handformi, hins vegar myndunarstað. Handformið sem þau skoðuðu var ʘ-handform sem er mjög algengt handform í ASL og táknmálum almennt, ekki síst í bendingum. Vildu þau einnig kanna staðhæfingu Liddell og Johnson<sup>35</sup> varðandi samlögun handforms í fornöfnum (og mögulega öðrum táknum líka) við nálæg handform. Tilbrigði við ʘ-handform voru skoðuð með tilliti til fjölda valinna fingra og fingrastöðu (sjá umræðu í kafla um grunnbreytur tákna). Fyrir hvert tákni í gögnunum sem var myndað með ʘ-handformi eða tilbrigðum af því skráðu þau hvaða orðflokki táknið tilheyrði og handformabreytuna í tákni





<sup>31</sup> Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 142–154; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands: The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 211–215.



<sup>32</sup> Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*, Washington D.C.: Gallaudet University Press, 2001; einnig rædd í Robert Bayley, Ceil Lucas og Mary Rose, „Phonological Variation in American Sign Language. The Case of 1 Handshape“, *Language Variation and Change*, 14/2002, bls. 19–53.

<sup>33</sup> Rannsakendur byggðu hér á leiðbeiningum frá William Labov og Walt Wolfram, sjá Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*, bls. 3.

<sup>34</sup> Sama rit.

<sup>35</sup> Scott K. Liddell og Robert E. Johnson, „American Sign Language. The Phonological Base“, bls. 250–252.

á undan og eftir.<sup>36</sup> Niðurstaða þeirra sýnir að 95% tákna sem voru til skoðunar innihalda þrjú tilbrigði af -handformi, það er grunnmynd og tvö tilbrigði við hana ( og ) (e. *non-citation forms*). Áhugavert er að í heild voru tilbrigðin tvö algengari en grunnmyndin, alls 60% á móti 40%. Rannsóknin sýnir að breytileiki í notkun tákna sem hafa -handform í grunnmynd er mjög kerfisbundinn í ASL. Það sem hefur áhrif á valið er fyrst og fremst orðflokkur en einnig þættir í handformi tákna á undan og á eftir, það er valdir finger, fingrastaða og staða þumals í undanfarandi og eftirfarandi táknum. Hvað áhrif orðflokks á vali á tilbrigði varðar þá sýnir rannsóknin fram á að breytileiki er meiri í fornöfnum (bendingum) en hefðbundnum táknum (e. *lexical signs*), til dæmis nafnorðum, þar sem handformið í heild sinni hefur merkingarlegt mikilvægi (e. *semantic relevance*) og því líklegra til að halda grunnmynd sinni. Samkvæmt Lucas o.fl.<sup>37</sup> á annað við um fornöfn en nafnorð þar sem merking tilvísunar liggur í fingurgómunum því þeir beinast að því sem vísað er til (tilvísandi afstaða). Þess vegna leyfast fleiri tilbrigði í fornöfnum og þá sérstaklega í 1.p.fn.et. sem vísar oftast í það sem er greinilegast (e. *most salient referent*) í orðræðunni, það er táknaans sjálfs, sem er þá ótvíræð. Viðmælandi er einnig greinilegur í orðræðu og í fornöfnum sem vísuðu til 2.p. leyfðust tilbrigði með fráviki í stöðu þumals. Við tilvísun í 3.p., sem er ekki á staðnum, var algengast að handform fornafnisins væri í grunnmynd. Af því leiðir að því greinilegri tilvísun, þeim mun meiri líkur á að tilbrigði af handformi sé notað.




Breytileiki á sviði hljóðkerfisfræði hefur einnig verið rannsakaður í bresku táknmáli (BSL)<sup>38</sup> þar sem, eins og í ASL, könnuð voru tákna sem höfðu -handform í grunnmynd.<sup>39</sup> Gögnin komu úr málheild BSL og innihéldu 211 málhafa. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að handformið á undan hafði mest áhrif á að tilbrigði kæmi fram og handformið á eftir hafði næstmest áhrif. Ef handformið í táknu á undan var annað en -handform eða ef pásá var á


<sup>36</sup> Rannsakendur gáfu sér að aðeins þættir handforma í nærliggjandi umhverfi hefðu áhrif á handformið í táknu sem skoðað var og skoðuðu því ekki aðrar breytur, sjá Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*, bls. 88.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 144–145.

<sup>38</sup> Jordan Fenlon, Adam Schembri, Ramas Rentelis og Kearsy Cormier, „Variation in handshape and orientation in British Sign Language. The case of the ‘1’ hand configuration“, *Language & Communication*, 33: 1/2013, bls. 69–91, <https://doi.org/10.1016/j.langcom.2012.09.001>.

<sup>39</sup> Höfundar notuðu sömu aðferðafræði og Bayley o.fl. fyrir ASL, sbr. Robert Bayley, Ceil Lucas og Mary Rose, „Phonological Variation in American Sign Language. The Case of 1 Handshape“, sjá einnig Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*.

undan táknuinu sem var til skoðunar var mjög líklegt að annað handform en -handform kæmi fram í því tákni. Á móti, ef handformið í undanfarandi tákni var -handform var mjög líklegt að táknið sem til skoðunar var hefði -handform. Svipað gilti um eftirfarandi handform. Þættir handforma, eins og til dæmis staða þumals, höfðu líka áhrif á þætti í handforminu sem skoðað var. Niðurstöður varðandi þætti handforma í nærliggjandi umhverfi voru þó að einhverju leyti misvísandi hjá Fenlon o.fl.<sup>40</sup> og er því þörf á nákvæmari greiningu. Þau telja þó þrátt fyrir allt að niðurstöður bendi til þess sama og hjá Bayley o.fl., að þættir í nærliggjandi handformum hafi tilhneigingu til að hafa áhrif á þætti í handformi sem skoðað er. Aðrir mikilvægir þættir sem höfðu áhrif á tilbrigði voru tegund bendinga (e. *indexicality*) og orðflokkur. Tilbrigði fundust oftast í persónufornöfnum í eintölu og mun oftast í 1.p.fn. en 2. og 3.p.fn., líkt og hjá Bayley o.fl.<sup>41</sup>. Bendingar á staðsetningar sýndu annað munstur hvað varðar tilbrigði en persónufornöfn, með færri tilbrigðum. Varðandi orðflokk þá fannst munur á milli inntaksorða og kerfisorða þar sem kerfisorð eins og fornöfn (1.,2.,3. p.) og ákvarðarar (e. *determiners*) sýndu frekar tilbrigði en tákni sem tilheyra inntaksorðum (s.s. no., so., lo., og ao.). Fenlon o.fl.<sup>42</sup> skoðuðu einnig áhrif orðtíðni, sem var ekki gert í ASL og fundu að algengustu tákni voru líklegri til að koma fram með tilbrigðum. Orðtíðni hefur einnig verið rannsökuð í sambandi við tilbrigði í myndunarstað í ástralska og nýsjálenska táknmálinu og voru niðurstöður þær að meiri möguleikar voru á því að algengari tákni væru mynduð lægra í rýminu miðað við grunnmynd.<sup>43</sup> Hins vegar er rétt að nefna að fimm algengustu tákni í BSL rannsókninni voru bendingar og því ekki hægt að færa rök fyrir því að orðtíðni skipti máli út frá þessari rannsókn einni.<sup>44</sup>

Hér hafa verið reifaðar rannsóknir á tilbrigðum í handformum í erlendum táknmálum. Rannsóknunum á -handformi ber saman um að handform í nærliggjandi umhverfi hafi áhrif og geti leitt til samlögunar, annað hvort handforma í heild eða þátta innan handforms. Þá hefur orðflokkur einnig áhrif á algengi tilbrigða. Í næsta kafla verður fjallað um tilbrigði í ÍTM.

<sup>40</sup> Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The case of the ‘1’ Hand Configuration“, bls. 86.

<sup>41</sup> Sama rit, sami staður.

<sup>42</sup> Sama rit, bls. 88.

<sup>43</sup> Adam Schembri, David McKee, Rachel Locker McKee, Sara Pivac, Trevor Johnston og Della Goswell, „Phonological Variation and Change in Australian and New Zealand Sign Languages. The Location Variable“, *Language Variation and Change*, 21: 2/2009, bls. 193–231, <https://doi.org/10.1017/s0954394509990081>

<sup>44</sup> Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“, bls. 82.

*Breytileiki í framburði handforma í ÍTM*

Engin (empírísk) rannsókn hefur verið birt um hljóð- og hljóðkerfi ÍTM en nokkrar kannanir hafa þó verið gerðar til að kanna fjölda handforma og fónema í málinu. Viðamest er starf á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) og gefa þær rannsóknir til kynna að 75 ólík handform finnist í ÍTM og þar af séu 15 merkingargreinandi.<sup>45</sup>

Rannsóknin sem hér er rædd byggir á gögnum úr sex myndböndum, umrituðum í ELAN<sup>46</sup>, sjá mynd 5. Myndböndin innihalda frásagnir, sjónvarpsefni og samtöl og í þeim eru alls sex tákningar, fæddir á bilinu 1940-2000. Kynjahlutföll eru jöfn og tákningararnir dreifast á fjórar kynslóðir. Það er vel þekkt í táknmálum sem raddmálum að tilbrigði finnist í máli milli kynslóða en munurinn í táknmálum er sérstakur að því leyti að hann tengist skólagöngu og kennslustefnum á hverjum tíma. Málið sem notað var í skólum og kunnátta kennara í táknmáli er mismunandi á tímum táknmálsbannsins og tvítýngisstefnu sem dæmi og hafði áhrif á mál nemendanna.<sup>47</sup> Eins og fram kemur hjá Valgerði Stefánsdóttir<sup>48</sup> í rannsókn á uppruna og þróun íslensks táknmáls var það staðan hér á landi. Mállegur bakgrunnur táknmálsfólks tengist því iðulega þeim kennslustefnum sem voru í gangi á hverjum tíma og þess vegna er kynslóðamunur í ÍTM.<sup>49</sup>


<sup>45</sup> Kristín Lena Þorvaldsdóttir, „*Hljóð, orð og beyging í íslensku táknmáli*“, erindi á Hugvísindafélagi 14. mars 2015.

<sup>46</sup> ELAN (Version 7.0), [tölvuhugbúnaður], Nijmegen. Max Planck Institute for Psycholinguistics, The Language Archive, 2025. Sótt 1. júní 2025 af <https://archive.mpi.nl/tla/elan>.

<sup>47</sup> Robert Bayley, Adam C. Schembri og Ceil Lucas, „Variation and Change in Sign Languages“, *Sociolinguistics and Deaf Communities*, ritstjórar Adam C. Schembri og Ceil Lucas, Cambridge: Cambridge University Press, 2015, bls. 61–94, hér bls. 72–73.

<sup>48</sup> Valgerður Stefánsdóttir, *Án táknmáls er ekkert líf. Upp með hendur!* Ritgerð til doktorsgráðu í mannfræði, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2023, hér bls. 88 og víðar.

<sup>49</sup> Sjá einnig BA ritgerð Kristbjargar Helgu Sigurbjörnsdóttur, *Um kynslóðamun í íslensku táknmáli. Rannsókn á kynslóðabundnum málfrasmun í íslensku táknmáli*, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2011, sótt 6. janúar 2026 af <https://skemman.is/handle/1946/8487>.



Mynd 5: Dæmi um umritun gagnanna í ELAN<sup>50</sup>.

## Markmið og aðferðir rannsóknarinnar

Ákveðið var að skoða gögnin með tilliti til algengra tilbrigða í hljóðkerfi sem hafa verið rannsökuð í erlendum táknmálum.<sup>51</sup> Í þessari rannsókn einblínum við á bendingar. Eins og áður sagði eru þær mjög algengar í táknmálum og þær gegna ýmsum hlutverkum en eru alltaf vísanir, ýmist bendi- eða endurvísanir.<sup>52</sup> Bendingin sjálf er oftast gerð með  $\text{h}$ -handformi sem er þá handformið í grunnmynd táknins.<sup>53</sup>

Við notkun gagnanna kom í ljós að töluverðar viðbótarupplýsingar þurfti að skrá svo þau nýttust að fullu í þessari rannsókn, til dæmis málfræðileg hlutverk bendinga og upplýsingar um form táknins (til dæmis handform) en engar slíkar voru skráðar í gögnunum. Í gögnunum var hægt að leita að bendingum og innan þeirra var 1. persóna mörkuð sérstaklega en ekki aðrar bendingar s.s. 2. og 3. persóna, fleirtala eða til dæmis bending á stað. Í rannsókninni voru

<sup>50</sup> Myndin er úr sögunni „Lykillinn að menningarheimi döf 2012“, sótt 3. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn\\_a%C3%B0\\_menningarheimi\\_d%C3%B6ff\\_2012](https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn_a%C3%B0_menningarheimi_d%C3%B6ff_2012).

<sup>51</sup> Sjá til dæmis Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*; Robert Bayley, Ceil Lucas og Mary Rose, „Phonological Variation in American Sign Language. The Case of 1 Handshape“; Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“; Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*.




<sup>52</sup> Sjá kafla um bendingar í orðasafninu, bls. 170.



<sup>53</sup> Trevor Johnston, „Auslan Corpus Annotation Guidelines. 2024 version“, bls. 28.

handform bendinga kóðuð og mörkuð í ELAN ásamt þeim handformum sem komu fyrir í táknum á undan og eftir. Markmiðið var að skoða hvort og hvaða handformatilbrigði koma fram í bendingum og rýna sérstaklega í innri uppbyggingu handforma, það er stöðu þumals, fjölda valinna fingra og beygju á liðamótum. Rannsóknin takmarkast við 50 dæmi. Erlendar rannsóknir á framburðartilbrigðum hafa útskýrt niðurstöður út frá félagsmálvísindalegum þáttum. Í þeim rannsóknum voru þátttakendur á þriðja hundrad. Í rannsókninni sem hér er lýst voru tákningar eingöngu sex og ekki samstæður félagslegur hópur og leyfa gögnin því ekki túlkun út frá félagslegum breytum. Í næsta kafla verður farið í niðurstöður úr rannsókninni.

### Greining og umræða

Könnun okkar leiddi í ljós að fimm handform komu fyrir í bendingum, grunnmyndin 4-handform og fjögur tilbrigði við hana. Tilbrigðin, sem sjá má í töflu 4, víkja frá grunnmyndinni í einum, tveimur eða þremur þáttum.

Handform	Þættir handforms	Grunnmynd og frávik
 <p>4a</p>	<p>Vísi-handform</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valdir finger: Einn (vísi-finger)</li> <li>• Fingrastaða: Útteygður</li> <li>• Staða þumals: Lokaður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Grunnmynd.</li> </ul>
 <p>4b</p>	<p>Vísi-handform</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valdir finger: Einn (vísi-finger)</li> <li>• Fingrastaða: Útteygður</li> <li>• Staða þumals: Útteygður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frávik frá grunnmynd í einum þætti, stöðu þumals.</li> </ul>
 <p>4c</p>	<p>Vísi-handform</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valdir finger: Einn (vísi-finger)</li> <li>• Fingrastaða: Beygja á grunnlið</li> <li>• Staða þumals: Lokaður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frávik frá grunnmynd í einum þætti, fingrastöðu.</li> </ul>

Handform	Þættir handforms	Grunnmynd og frávik
 <p>4d</p>	<p>Vísi-handform</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valdir finger: Einn (vísi-finger)</li> <li>• Fingrastaða: Beygja á grunnlið</li> <li>• Staða þumals: Útteygður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frávik frá grunnmynd í tveimur þáttum, fingrastöðu og stöðu þumals.</li> </ul>
 <p>4e</p>	<p>Flathönd</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valdir finger: Fjórir (vísi-finger, langatöng, baug-finger og litli finger)</li> <li>• Fingrastaða: Beygja á grunnliðum, finger þéttir/samdregnir</li> <li>• Staða þumals: Útteygður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frávik frá grunnmynd í þremur þáttum, völdum fingrum, fingrastöðu, stöðu þumals.</li> </ul>

Tafla 4: Öll tilbrigði handforma sem birtust í bendingum.





Handformin í töflu 4 eru öll tilbrigði af  $\text{V}$ -handformi. Tvö handform viku frá grunnmyndinni í aðeins einum þætti, annað í stöðu þumals (útteygður), sjá 4b, og hitt í fingrastöðu (beygja á grunnlið), sjá 4c. Í handforminu í 4d eru frávikin tvö, staða þumals (útteygður) og fingrastaða (beygja á grunnlið). Í handforminu í 4e hins vegar eru þrjú frávik frá grunnmyndinni, í stöðu þumals (útteygður), fingrastöðu (beygja á grunnliðum) og í völdum fingrum (fjórir finger valdir).

Við ræðum niðurstöðurnar í tvennu lagi, annars vegar breytileika í bendingum sem gegna hlutverki l.p.fn.et., hins vegar aðrar bendingar (það er ekki-fyrstu persónufornöfn og staðaratviksorð).

### Breytileiki í framburði l.p.fn.et.









Í þeim dæmum sem við skoðuðum voru alls 30 bendingar sem gegna hlutverki fornafns í l.p.et. Alls fjögur af fimm tilbrigðum í töflu 4 sáust í þessum 30 dæmum, 4a, 4c, 4d og 4e. Mynd 6 sýnir þessi handform og tíðni þeirra, þ.e. hversu oft handformin komu fyrir. Samtals eru fleiri dæmi með vísi-handformi en flathönd, sem vikur lengst frá grunnmyndinni.<sup>54</sup>

<sup>54</sup> Samkvæmt Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands* er undirliggjandi form margra tákna (bæði tákna sem hafa vísi-handform og flathönd) með útteygða finger en beygja á grunnlið kemur fram í yfirborðsgerð við ákveðnar aðstæður, sjá bls. 103; sjá einnig Els van der Kooij, *Phonological Categories in*

				
Tíðni:	5 tilvik	6 tilvik	6 tilvik	13 tilvik

Mynd 6: Dreifing tilbrigða í handformum í 1.p.fn.et.

Nauðsynlegt er að rýna í hvað skýrir val á flathönd í 1.p.fn.et. Tafla 5 sýnir öll handform sem komu fyrir á undan bendingum þar sem tilbrigðið með flathönd (👏) birtist.


							
5i	5ii	5iii	5iv	5v	5vi	5vii	5viii
3 tilvik	1 tilvik	1 tilvik	2 tilvik	1 tilvik	1 tilvik	1 tilvik	1 tilvik


Tafla 5: Handform sem komu fram í táknum á undan 1.p.fn.et. sem voru táknuð með flathönd.

Ef litið er á hljóðkerfislegt umhverfi 🗣️ sjáum við að fimm af átta handformum sem komu á undan því voru með alla fingur valda (sbr. 5i, 5ii, 5iii, 5iv, 5v) en þau handform sem flokkast undir flathönd eiga þennan þátt sameiginlegan þó aðrir þættir geti verið ólíkir. Fingrastaða getur verið breytileg, valdir fingur eru annað hvort útteygðir (5i, ii, iii) eða með beygju á grunnlið (5iv,v). Staða þumals er einnig misjöfn þar sem þumallinn er ýmist lokaður inni í lófa (5i), upp að sveifarhlið handar (5ii), útteygður (5iii, iv) eða mótstæður og lokast við valda fingur (5v). Eitt handform (5vi) er með fjóra fingur óvalda, það er alla fingur í sömu stöðu kreppta inni í lófann og þumal hliðstæðan. Mjög stutt er á milli þeirrar stöðu og flathandar með beygju á grunnlið því eini munurinn er fingrastaðan og því mætti færa rök fyrir því að auðveldara sé að mynda bendinguna sem á eftir kemur með fjórum völdum fingrum. Mynd 7 sýnir tvö dæmi úr gögnunum þar sem flathönd með beygju á grunnlið er notuð í 1.p.fn.et.

*Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*, bls. 213.

Mynd 7: Flathönd í 1.p.fn.<sup>55</sup>

Flathönd var notuð í sex af átta undanfarandi handformum, samtals í níu af ellefu dæmum úr gögnunum. Leiða má líkur að því að undanfarandi handform hafi áhrif og því sé um samlögun að ræða.<sup>56</sup> Fjöldi valinna fingra í undanfarandi handformi er áhrifaþáttur. Fingrastaða er mögulegur en ekki afgerandi áhrifaþáttur, þrjú af átta undanfarandi handformum eru með beygju á grunnlið á undan flathönd (alls fjögur af 11 dæmum). Hins vegar virðist staða þumals ekki vera sterkur áhrifaþáttur, -handform (5iii) sem er með útteygðan þumal eins og handformið í bendingunni kom aðeins einu sinni fyrir. Í hinum handformunum var þumallinn í annarri stöðu. Þetta gefur vísbendingar um það að valdir finger séu aðaláhrifaþátturinn þegar kemur að tilbrigðum (sjá þó hér á eftir umræðu um tilvísandi afstöðu og beygju á grunnliðum), síðan fingrastaða og síst þumall.



Ef lítið er á þau handform sem komu á eftir  í 1.p.fn.et., fundust sjö handform í gögnunum, sjá töflu 6.


						
6i	6ii	6iii	6iv	6v	6vi	6vii
1 tilvik	1 tilvik	4 tilvik	1 tilvik	2 tilvik	1 tilvik	3 tilvik



Tafla 6: Handform sem komu fram í tákningu á eftir 1.p.fn.et. sem táknuð voru með flathönd.

<sup>55</sup> Fyrri myndin er úr óbirtri smásögu frá 2015 „Leikið með eldspýtur“, varðveitt á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og seinni myndin er úr sögunni „Lykillinn að menningarheimi döf 2012“, sótt 3. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn\\_a%C3%B0\\_menningarheimi\\_d%C3%B6f\\_2012](https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn_a%C3%B0_menningarheimi_d%C3%B6f_2012).

<sup>56</sup> Sbr. Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*; Els van der Kooij, *Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands. The Role of Phonetic Implementation and Iconicity*.




Valdir fingur eru ýmist einn (6ii og iii), tveir (6i) eða fjórir (6iv, v, vi, vii). Fingrastaða er ólík, beygja á fjarliðum (6i, ii), beygja á grunnlið (6iv), útteygðir fingur (6iii, v, vi, vii) og dreifðir fingur (6vii). Þumallinn er annað hvort lokaður (6i, ii), útteygður (6iii, v, vii), mótstæður (6iv) eða hliðstæður (6vi). Helmingur handformanna er með alla fingur valda og því tilbrigði af flathönd (6iv, v, vi, vii). Á sama hátt og í undanfarandi handformum sjáum við helst tengsl á milli fjölda valinna fingra í handformi á eftir bendingunni. Sjö af þrettán dæmum hafa alla fingur valda. Í aðeins einu dæmi er eftirfarandi handform með sömu fingrastöðu og  eða beygju á grunnlið. Hins vegar er staða þumals mögulegur áhrifaþáttur því í níu dæmum er þumallinn í eftirfarandi tákni útteygður líkt og í . Sá möguleiki er því til staðar að þættir í handformi bendingarinnar hafi samlagast þáttum í handformi táknsins á eftir, hvað varðar valda fingur og stöðu þumals. Niðurstöðurnar eru þó ekki nógu afgerandi til þess að hægt sé að fullyrða um það.


Tenging er á milli myndunarstaðs tákns og fingrastöðu í handformi, eins og kemur fram í kaflanum um tilvísandi afstöðu tákna. Þrjú af fjórum handformum sem birtast í 1.p.fn.et. eiga þann þátt sameiginlegan að beygja er á grunnlið og voru alls 25 dæmi af 30 með beygju (sjá mynd 6). Í bendingum eru það fingurgómar sem snúa í átt að því sem vísað er til (það er að segja myndunarstað táknsins) og þegar vísað er í 1.p.et. (það er tákna sjálfan) þá er beygja á grunnliðum fyrirsjáanleg þar sem það krefst minnstrar áreynslu að mynda bendinguna þannig og hömlurnar eru því líkamlegar en ekki málfræðilegar.<sup>57</sup> Það eru þó örfá dæmi um hið gagnstæða þar sem fingur voru útteygðir (-handform) en þau komu vel að merkja fram hjá sama tákna.

Ef teknar eru saman niðurstöður hljóðkerfislegs umhverfis á undan og eftir  má útskýra 11 af 13 dæmum með því að þættir í handformum á undan, á eftir eða bæði hafi haft áhrif á handformið í fornafninu. Eftir standa tvö dæmi þar sem tilbrigði virðist, við fyrstu sýn, ekki stýrast af umhverfi. Dæmin, sem eru frá sama tákna, eru eins hvað varðar hljóðkerfislegt umhverfi. Ekkert tákni er á undan bendingunni, það er tákni er í biðstöðu á meðan viðmælandi hans talar og handform á eftir bendingu er  (6iii). Þegar tákni er í biðstöðu líkist handstaðan flathönd.<sup>58</sup> Þetta segir okkur að hljóðkerfislegt umhverfi er alltaf

<sup>57</sup> Sjá umræðu hjá Onno Crasborn, *Phonetic Implementation of Phonological Categories in Sign Language of the Netherlands*, bls. 277.


<sup>58</sup> Samkvæmt rannsókn Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“, var mjög líklegt að annað handform en vísi-handform kæmi fram á eftir þásu sem gæti verið útskýringin á flathönd hér.

áhrifaþáttur þegar  birtist í l.p.fn.et. Því ekkert slíkt dæmi kom fram nema ef flathönd var á undan eða eftir (eða pása), það er að segja valdir fingur hafa áhrif á tilbrigði bendingar. Athygli vekur að ekkert dæmi var um -handform í táknum á undan l.p.fn.et. með .

Í erlendum rannsóknum<sup>59</sup> er talað um að tilbrigði leyfist frekar í l.p.fn. þar sem augljósara er þegar verið er að vísa til fyrstu persónu en ekki-fyrstu persónu. Fyrsta persóna er talin vera greinileg (e. *salient*) og því ótvíræð, það er því greinilegra það sem vísað er til, þeim mun meiri líkur á að tilbrigði af handformi sé notað. Í tengslum við þetta er vert að hafa í huga að mjög erfitt er að sjá -handform þegar það snýr að táknum. Ef horft er beint framan á táknum er handformið ekki vel sýnilegt og ekki augljóst hversu margir fingur eru valdir og því eru flathönd með beygju á grunnlið og vísi-handform með beygju á grunnlið svipuð út frá sjónarhorni viðmælanda. Þetta sjáum við á mynd 8:




Mynd 8: Sýnileiki bendinga í l.p.fn.<sup>60</sup>











Í meirihluta bendinga sem hafa hlutverk l.p.fn.et., eða 17 af 30, er handformið -handform og tilbrigði af því, það er vísifingur valinn, sjá mynd 9.

<sup>59</sup> Robert Bayley, Ceil Lucas og Mary Rose, „Phonological Variation in American Sign Language. The Case of 1 Handshape“; Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“, bls. 86–87.

<sup>60</sup> Myndir eru úr sögunni „Lykillinn að menningarheimi döff 2012“, sótt 3. febrúar 2026 af [https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn\\_a%C3%B0\\_menningarheimi\\_d%C3%B6ff\\_2012](https://is.signwiki.org/index.php/Lykillinn_a%C3%B0_menningarheimi_d%C3%B6ff_2012).


















Mynd 9: Vísi-handform í l.p.fn.et.

Ef litið er á valda fingur í nánasta umhverfi bendinga með þessum þremur handformum kemur í ljós að ýmist koma fram handform með vísifingri völdum (t.d. , , ) , tveimur fingrum () , engum (, ) eða öllum (t.d. , , , ) . Það er að segja ekkert munstur fannst hvað þetta varðar en þó eru fleiri ólík handform í þessu umhverfi miðað við það þegar flathönd var notuð, þar sem flathönd í nærliggjandi táknum hafði áhrif á notkun flathandar í l.p.fn.et. Þetta bendir til þess að samlögun í handformum sé valfrjáls, það er ekki þarf að velja tilbrigðið flathönd þó táknið í umhverfi séu með flathönd – en ef tilbrigði með flathönd er valið er það vegna samlögunar (sbr. umræðu hér framar).

Tilbrigðin tvö eiga það sameiginlegt að vera með beygju á grunnlið, sem er ólíkt grunnmyndinni og annað tilbrigðið er auk þess með aðra stöðu á þumli, það er útteygðan. Eins og var rætt hér að framan skýrist beygja á grunnlið af því að um fyrstu persónu er að ræða og það er því tilvísandi afstaða sem útskýrir fingrastöðuna í þessum tilbrigðum. Annað þeirra er þó að auki með þumal útteygðan og ef við skoðum nærliggjandi umhverfi þess tilbrigðis sjáum við eftirfarandi (tafla 7):

Handform á undan	Tilbrigði	Handform á eftir
		

BREYTILEIKI Í FRAMBURÐI Í ÍSLENSKU TÁKNMÁLI



Handform á undan	Tilbrigði	Handform á eftir
		
		
		
		
		




Tafla 7: Handform á undan og eftir tilbrigðinu.

Þrátt fyrir að handform á undan og eftir tilbrigðinu séu ólík þá er staða þumals líklegur áhrifaþáttur í fimm af sex dæmum. Þar er þumall útteygður í handformum tákna á undan og/eða á eftir.






### Breytileiki í framburði annarra bendinga

Aðrar bendingar en 1.p.fn.et. eiga það sammerkt að vísa út í táknrýmið (það er beinast frá tákna). Eins og fram kemur hér að framan gegna bendingar í táknum málum mörgum málfræðilegum hlutverkum og skoða þarf samhengið og stöðu táknsins til að greina hlutverk þess. Í gögnunum voru dæmi um persónufornöfn og staðaraviksorð, alls 22 bendingar, þar af 17 ekki-fyrstu persónufornöfn og fimm staðaraviksorð.

Í þessum 22 bendingum voru þrjú handform, grunnmyndin  og tvö tilbrigði af henni (sjá mynd 10). Í persónufornöfnum birtust öll þrjú handformin en grunnmyndin var langalgengust og kom fyrir 14 sinnum. Í þeim staðaraviksorðum sem fundust í okkar gögnum voru engin tilbrigði í handformum, þau voru öll fimm með grunnmyndinni .

			
Tíðni:	19 tilvik	2 tilvik	1 tilvik

Mynd 10: Handform í bendingum út í rýmið.

Í þessum bendingum eru mögulega áhrif frá hljóðkerfislegu umhverfi. Tilbrigðið  vísar frá grunnmynd í einum þætti, stöðu þumals. Þetta tilbrigði kemur fyrir tvisvar sinnum í gögnunum. Í öðru dæminu var -handform í táknu á undan og í táknu á eftir var -handform, þumall er útteygður í báðum. Í hinu dæminu var -handform í táknu á undan og í táknu á eftir var -handform og þumall því lokaður í handforminu á undan en útteygður í handforminu á eftir. Líklega skýrist val á tilbrigði því af þáttum handforma í næsta umhverfi.

Aðeins eitt dæmi var um tilbrigðið sem vísar frá grunnmyndinni í tveimur þáttum, fingrastöðu og stöðu þumals. Fingrastöðuna má skýra með því að bendingin vísar niður í táknrýmið sem orsakar beygju á grunnlið, það er tilvísandi af staða hefur áhrif á handformið (sjá mynd 10). Í handformi undanfarandi tákns,

Þú, er þumall útteygður sem gæti haft áhrif á stöðu þumals í bendingunni. Á eftir tákningu er pásá í tákningu því tákningu fer að meðhöndla skeið.



Mynd 11: Tilbrigði í ekki-fyrstu persónu bendingu.<sup>61</sup>

Í erlendum rannsóknum hefur verið gerður greinarmunur á milli bendinga eftir hlutverki þeirra og þar kom meðal annars fram að staðaratviksorð sýndu færri tilbrigði en persónufornöfn.<sup>62</sup> Því kemur ekki á óvart að tilbrigði hafi einungis komið fram í bendingum út í rýmið sem gegna hlutverki persónufornafna.

### *Niðurstöður*

Gögnin okkar sýna fram á að mun færri tilfelli finnast um tilbrigði í öðrum bendingum heldur en í 1.p.fn.et. sem rímar við niðurstöður erlendra rannsókna.<sup>63</sup> Í 1.p.fn.et. er tilvísandi afstaða áhrifaþáttur og gerir það að verkum að 25 af 30 dæmum eru með beygju á grunnlið og víkja þannig frá grunnmyndinni sem er í raun fyrirsjáanlegt. Af þessum dæmum eru 13 með flathönd, það er að segja einnig frávik í völdum fingrum. Flathönd kemur hins vegar aldrei fyrir í öðrum bendingum. Ástæður fyrir því að það eru fleiri tilbrigði í 1.p. er að hún er talin greinileg og því leyfast tilbrigði frekar. Samlögum við þætti í nærliggjandi hand-


<sup>61</sup> Myndin er úr þættinum Tákningarsundin 2016, sótt 3. febrúar 2026 af <https://www.deaf.is/utgafa/myndbond/takningarsundin>

<sup>62</sup> Sjá Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“.

<sup>63</sup> Robert Bayley, Ceil Lucas og Mary Rose, „Phonological Variation in American Sign Language. The Case of 1 Handshape“; Jordan Fenlon o.fl., „Variation in Handshape and Orientation in British Sign Language. The Case of the ‘1’ Hand Configuration“; Ceil Lucas, Robert Bayley og Clayton Valli, *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*.


formum getur átt sér stað og haft áhrif á val á flathönd. Þetta á fyrst og fremst við um valda fingur. Að samlögun við þætti í handformum á undan eða eftir eigi sér stað er í samræmi við erlendar rannsóknir en þó sýna dæmin úr ÍTM ekki eins afgerandi niðurstöður og í ASL og BSL sem mögulega skýrist af hversu lítið gagnasafn var til skoðunar.

Niðurstaða okkar er því sú að framburðartilbrigði koma fram í bendingum í íslensku táknmáli. Rannsókn á stærra gagnasafni gæti leitt í ljós nákvæmari niðurstöður um algengi tilbrigðanna og hvort þau eru einstaklingsbundin eða megi skýra með félagslegum þáttum.

Framtíðarrannsóknir á efninu gætu falist í því að fjölga táknurum og kanna hvort félagslegir þættir hafi áhrif á val tilbrigða, að skoða bendingar eftir hlutverkum (orðflokkum) og að skoða -handform í hefðbundnum táknum til sam- anburðar við bendingar. Það bíður betri tíma.

## ÚTDRÁTTUR

Greinin fjallar um breytileika í myndun handforma í íslensku táknmáli (ÍTM), með áherslu á bendingar og sérstaklega persónufornöfn. Hljóðkerfislegar grunnbreytur tákna eru útskýrðar; handform, hreyfing, myndunarstaður, afstaða og látbrigði og fjallað um hvernig innri uppbygging handforma, þ.e. valdir fingur, fingrastaða og staða þumals, getur verið breytileg án þess að breyta merkingu tákns.

Í rannsókninni er kannað hvort og hvernig framburðartilbrigði birtast í ÍTM. Gögnin sem greind voru samanstanda af 50 dæmum um handform í bendingum sem og handform í táknum á undan þeim og eftir. Gögnin koma úr sex myndböndum með samtölum og frásögnum sex tákna. Niðurstöðurnar sýna fimm handform sem birtast í bendingum: Grunnmyndina (vísi-handform, ) og fjögur tilbrigði sem víkja frá grunnmynd í einum eða fleiri þáttum.

Rannsóknin leiðir í ljós að tilbrigði voru mun algengari í 1. persónufornöfnum eintölu en í öðrum bendingum og er ástæðan fyrir því sú, að hún er talin greinileg og því leyfast tilbrigði frekar. Algengast var að fingur væru með beygju á grunnlið og tengist það tilvísandi afstöðu táknsins, þ.e. þegar vísað er til tákna sjálfs krefst myndun táknsins minni áreynslu ef grunnliðir eru beygðir. Einnig kom flathönd oft fyrir í 1.p.fn.et. og virðist val á henni tengjast samlögun við handform í næsta umhverfi, einkum fjölda valinna fingra. Í bendingum sem vísa út í rýmið (ekki-fyrstu persónu) komu mun færri tilbrigði fram og engin í staðaratviksorðum. Þetta rímar við erlendar rannsóknir sem hafa sýnt að meiri breytileiki er bundinn við 1.p.fn.et. en aðrar bendingar.

Niðurstaða greinarinnar er sú að framburðartilbrigði eru til staðar í ÍTM, einkum


í l.p.fn.et. og að bæði líkamlegar og hljóðkerfislegar ástæður skýra val tilbrigða. Stærri rannsókn gæti varpað frekara ljósi á umfang breytileika í handformum og hvort félagslegir þættir stýri vali á tilbrigðum.

*Lykilorð:* Íslenskt táknmál (ÍTM), bendingar, handform, vísi-handform, breytileiki, tilbrigði, innri uppbygging handforma.

## ABSTRACT

### **Pronunciation in Icelandic Sign Language: Handshape variants**

This article discusses variation in the articulation of handshapes in Icelandic Sign Language (ÍTM), with an emphasis on pointing signs. We begin by explaining the phonological parameters of signs: handshape, movement, location, orientation and non-manual-features. In particular, we discuss how the internal structure of handshapes, selected fingers, finger configuration and thumb position, can vary without changing the meaning of the sign.

This research investigates if and how variation in pronunciation appears in ÍTM. Data analysed were 50 examples of handshapes in pointing signs as well as handshapes in signs before and after. This data is derived from six videos featuring the conversations and narrations of six signers. Results reveal five handshapes that appear in pointing signs: the citation form (index-handshape, ) and four variants that differ from the citation form in one or more features.

Our findings show that variants were far more common in first person pronominals than in other types of pointing signs. We suggest this is because this pointing sign is considered salient and, thus, variants are more likely to be allowed. The most common type of variant was with fingers bent at the base-joints. This relates to the relative orientation of the sign as, when a signer is referring to themselves, the articulation of the sign requires less effort if the base-joints are bent. Flat hand was also often found in first person pronominals. This usage appears to be related to assimilation to handshapes in the immediate environment, especially the number of selected fingers. In pointing signs that point towards the signing space, e.g. non-first person pointings, far fewer variants occurred and none for locatives. This is consistent with previous research which has shown that greater variation is associated with first person pointing signs.

We conclude that variation in the articulation of signs is present in ÍTM, especially in first person pronominals, and that both physical and phonological conditions explain the choice of variants. Research based on a larger dataset would deepen our understand-

## GUÐNÝ BJÖRK ÞORVALDSDÓTTIR OG RANNVEIG SVERRISDÓTTIR

ing of the extent of variation in handshapes and if and how social factors influence the choice of variants.

*Keywords:* Icelandic Sign Language (ÍTM), pointing signs, handshape, Index-handshape, variation, variant, internal structure of handshapes.

### GUÐNÝ BJÖRK ÞORVALDSDÓTTIR

Fagstjóri rannsókna

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

ÍS-105, Reykjavík, Ísland

gudny.bjork.thorvaldsdottir@shh.is

### RANNVEIG SVERRISDÓTTIR

Lektor í táknafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið, Háskóli Íslands

ÍS-102, Reykjavík, Ísland

rannsve@hi.is